

Vöktun umhverfispáttá 2017

við aflagðan urðunarstað í landi Fjósa við Búðardal

1. Inngangur

Sveitarfélagið Dalabyggð ber ábyrgð á viðhaldi aflagðs urðunarstaðar í landi Fjósa, rétt norðan við byggðina í Búðardal. Eftirlit við urðunarstaðinn tekur mið af fyrirmælum Umhverfisstofnunar um frágang og vöktun, sem gefin voru út 11. júní 2014. Með þjónustusamningi, dags. 14. janúar 2016, tók Umhverfissráðgjöf Íslands ehf. í Borgarnesi að sér reglubundið eftirlit, mælingar og sýnatöku við urðunarstaðinn í samræmi við grein 1.8 í fyrirnefndum fyrirmælum.

Mynd 1 sýnir staðsetningu urðunarstaðarins í grófum dráttum.



Mynd 1. Staðsetning aflagðs urðunarstaðar Dalabyggðar norðan við Búðardal.

Komið hefur verið fyrir þremur mælibrunnum við urðunarsvæðið, einum ofan þess (HVM121) með hnattstöðu N65°06,98' – V21°45,37' og tveimur fyrir neðan. Syðri brunnurinn neðan við svæðið (HVM170) hefur hnattstöðu N65°07,02' – V21°45,50' og sá nyrðri („nýr brunnur“) N65°07,06' – V21°45,50'. Tekin skulu sýni úr brunnunum til efnagreininga í samræmi við fyrirnefnd fyrirmæli fyrir 1. október annað hvort ár (í fyrsta

sinn 2014). Staða grunnvatns í brunnunum skal mæld fyrir 1. maí og 1. október ár hvert. Mynd 2 sýnir staðsetningar mælirunnanna.



Mynd 2. Staðsetning mælirunnna við aflagðan urðunarstað Dalabyggðar við Búðardal. (Grunnur: Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar (www.skipulag.is)).



Mynd 3. Mælirunnur HVM121 ofan við gamla urðunarstaðinn við Búðardal. Myndin er tekin til suðvesturs 25. september 2017.



Mynd 4. Hornstaur í norðurhorni nýrrar girðingar umhverfis gamla urðunarstaðinn við Búðardal. Í baksýn sést í þéttbýlið í Búðardal.

2. Sýnataka og mælingar 2017

24. apríl 2017

Um var að ræða hefðbundna mælingu á grunnvatnsstöðu að vori. Mæling fór fram milli kl. 11:30 og 12:00 í köldu vorveðri. Hæg breytileg átt var á staðnum, nær heiðskírt og hiti við frostmark. Kl. 12 sýndi veðurstöð í Ásgarði SSV 3 m/sek, +0,3°C og 51% raka. Umhverfið allt var snjólaust en yfirborðið frosið og svæðið allt einkar þrífalegt. Báðir brunnarnir neðan við svæðið voru loklausir. Lokið á syðri brunninum lá skammt þar frá, en ekki sáust ummerki um lok á nyrðri brunninum. Brunnurinn stóð 134 cm upp úr jörð, en eftir var að skera hann í endanlega hæð.

25. september 2017

Um var að ræða hefðbundna mælingu á grunnvatnsstöðu að hausti. Mæling fór fram milli kl. 12:00 og 12:30 í austan golu og skýjuðu og mildu veðri. Kl. 12 sýndi veðurstöð í Ásgarði NA 4 m/sek, 10,7°C og 77% raka. Svæðið var þurr og þrífalegt og búið að ganga frá vandaðri girðingu í kringum það. Nyrðri brunnurinn neðan við svæðið var loklaus. Unnið var að endanlegum frágangi brunnsins.

Ekki voru tekin sýni til greiningar að þessu sinni. Sýnataka skal fara fram annað hvort ár að hausti skv. fyrirmælum um frágang og vöktun. Í samræmi við þetta fer næsta sýnataka fram haustið 2018.

3. Grunnvatnsstaða

Staða grunnvatns var mæld í fyrsta sinn 27. apríl 2016 og verður framvegis mæld tvisvar á ári í samræmi við fyrirmæli um frágang og vöktun. Tafla 1 sýnir grunnvatnsstöðu í mælibrunnum frá upphafi mælinga.

Mælibr. nr.	Hæð brunns m.y.s.	27.04.2016 m.y.s.	07.11.2016 m.y.s.	24.04.2017 m.y.s.	25.09.2017 m.y.s.
HVM121	33,25	31,69	31,79	31,64	31,51
HVM170	16,25	13,73	14,31	13,58	13,87
Nýr br.		-	-1,70	-1,77	-1,74

Tafla 1. Grunnvatnsstaða við gamla urðunarstaðinn við Búðardal frá og með vorinu 2016.

(Staðan í nýja brunnum verður leiðrétt þegar hæðarmæling liggur fyrir. Brunnurinn stendur 134 cm upp úr jörðu).

Borgarnesi 26. september 2017
Stefán Gíslason,
UMÍS ehf. Environice